

Um er að ræða breytingu á Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 - 2022, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í afmörkun svæðis fyrir vatnsaflsvirkjun í landi Eyjardalsár og Hlíðarenda í Bárðardal. Áformað er að reisa allt að 700 kW vatnsaflsvirkjun. Unnið verður deiliskipulag fyrir framkvæmdina samhliða aðalskipulagsbreytingunni. Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat áætlananna nr. 105/2006 og fylgir þessari breytingu því umhverfisskýrsla. Breytingin felur í sér fyrirhugaða framkvæmd sem fellur undir 1. viðauka, t.l. 3.22 í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

FORSENDUR
Áformað er að reisa Eyjardalsvirkjun, 700 kW virkjun í landi Eyjardalsár og Hlíðarenda í Bárðardal. Virkjað fall er um 187 m og áætlað er að virkjað rennsli verði um 0,5 m³/s. Virkjunin verður tengd við dreifikerfi RARIK.

STADHÆTTIR
Virkjunin verður í sveitarfélaginu Þingeyjarsveit. Virkjunarsvæðið er í vestanverðum Bárðardal í landi Eyjardalsár og Hlíðarenda. Aðkoma er um Bárðardalsveg vestrí nr. 842 og svo um vegslóða upp á stíflustæði. Svæðið er skilgreint landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði í gildandi aðalskipulagi. Stífla og inntakslón verður í Eyjardal í um 355 m hæð yfir sjávarmáli. Inntaksmannvirki og efrí hluti aðrennisslipu mun ekki sjást frá þjóðvegi. Gróðurfar á svæðinu ber einkenni beilands vestan árið en mælir einkennandi austan hennar. Eyjardalsár er ekki fiskgeng á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Göngu- og reiðleið frá Fnjóskadal liggur meðfram svæðinu. Engar fríðlystar fornminjar eru innan áhrifsvæðis virkjunarinnar en þrennar fríðlystar fornleifar eru á þessum slóðum. Tveir hlaðnir garðar og þjóðleið milli Bárðardals og Fnjóskadals. Verndarárkvæði eru í gildi á umræddu svæði en skv. 62. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakgróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bókum og næsta umhverfi vatnsins.

TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR
Í Landsskipulagsstefnu Íslands 2015-2026 er sett fram stefna um skipulagsgerð sveitarfélaga, m.a. er sett fram stefna um sjálfbæra byggð í dreifbýli.
„Skipulag landnotkunar stuðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtíma sýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðarbrún í þéttbýli og dreifbýli.“
Einnig er sett fram stefna um sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands þar sem segir:
„Skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið.“
Virkjunin eykur tekjur sveitarfélagsins og landeignenda í formi fasteignagjalda, landleigu og gjalda vegna vatnsréttinda. Einnig skapast aukin atvinnutækifæri, bæði á framkvæmdatíma og rekstrartíma.
Í landskipulagsstefnu er einnig sett fram stefna um orkunýtingu og raforkuflutning í skipulagsáætlunum.
„Skipulag gefi kost á að nýta orkulindir í dreifbýli með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarlísi. Jafnframt gefi skipulag kost á uppbyggingu flutningsmannvirkja raforku sem tryggir örugga afhendingu raforku. Mannvirki vegna orkuvinnslu og orkuflutnings falli sem best að landslagi og annarri landnotkun.“
Leitast hefur verið við að vinna í sátt við samfélag og náttúru og tryggja það að virkjunin valdi sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. Aðalskipulagsbreytingin er því talin samræmast markmiðum landskipulagsstefnu.
Landbúnaðarsvæði sem tekið er undir iðnaðarsvæði er 4,88 ha. Óskað verður eftir samþykki landbúnaðarráðherra fyrir breytingunni í samræmi við 4. og 6. gr. jarðalaga nr. 81/2004.
Fyrirhuguð framkvæmd sem gert er ráð fyrir í breyttu aðalskipulagi er háð leyfi Fiskistofu í samræmi við 33. gr. laga nr. 61/2006.

MARKMIÐ AÐALSKIPULAGS
Í markmiðum aðalskipulags segir:
„Meginmarkmið aðalskipulags Þingeyjarsveitar verður að leita leiða og skapa aðstæður til að snúa þróuninni við hvað verður fækkun íbúa og að fjölgja atvinnutækifærum án þess að núverandi gæði sveitarfélagsins raskist. Til að ná þessu markmiði þarf að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi þætti:
...
Að stuðja þróun í landbúnaði og jafnframt að veita svigrúm fyrir ýmsa aukastarfsemi á landbúnaðarsvæðum og víðar, sem nýtjar auðlindir og kosti svæðisins, t.d. í ferðabjónustu.“
Aðalskipulagsbreytingin gerir ráð fyrir nýtingu auðlinda á landbúnaðar- og óbyggðu svæði í formi orkuvinnslu. Framkvæmdirnar skerða ekki möguleika fyrir landbúnað og áframhaldandi beit á svæðinu. Aukin raforka skapar möguleika á þróun atvinnustarfsemi, í sveitarfélaginu og nágrenni þess.

Í framtíðarsýn og meginmarkmiðum aðalskipulagsins segir m.a. að það sé „...stefna sveitarfélagsins að nýta vatnsafl í sveitarfélaginu enda sé það til hagsbóta fyrir íbúa þess og í samræmi við sjálfbæra þróun. Þingeyjarsveit telur eftirsóknarvert að kanna frekar framtíðarmöguleika á og kosti þess að byggja fleiri virkjunir til einknota sem og orkusölu á frjálsum raforkumarkaði.“

Í skipulagsreglugerð segir um iðnaðarsvæði:
„Á iðnaðarsvæðum skal fyrst og fremst gera ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, veitistöðvum, skólpælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir oliu og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilær á iðnaðarsvæðum.“

Í aðalskipulagi í kafla 4.11. segir um markmið efnistökusvæða: Meginmarkmið aðalskipulagsins er að grjót- og malarnám fari aðeins fram á fáum skipulögðum svæðum þannig að efnistörf til bygginga, vegagerðar og annarra framkvæmda í sveitarfélaginu sé fullnægt án þess að spilla umhverfinu að óþörfu. Lögð verði áhersla á góða umgengni og að fullnýttum svæðum verði lokað með uppgæðslu.

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI
Aðalskipulagsbreytingin felur í sér að 13,5 ha svæði er breytt úr landbúnaðarsvæði og óbyggðu svæði í iðnaðarsvæði. Nýtt iðnaðarsvæði er afmarkað á uppdrætti og umfjöllun um virkjunina færð inn í greinargerð aðalskipulagsins. Um er að ræða 700 kW vatnsaflsvirkjun sem felur í sér inntakstíflu, allt að 0,5 ha inntakslón, aðrennisslípu og stöðvarhús auk veltengingar og nýrrar efnisnámu. Virkjunin tengist dreifikerfi RARIK. Í tengslum við virkjunina er eitt efnistökusvæði færð inn á aðalskipulag og það afmarkað á uppdrætti. Um er að ræða 0,5 ha efnistökusvæði og skal taka að hámarki 5.000 m³ meðan á framkvæmdum við Eyjardalsvirkjun stendur. Heildar efnistörf vegna framkvæmdarinnar er áætluð 8.000 m³ sem kemur úr námu E-28 og nýrri námu á Eyjardal, E-48.

BREYTINGAR Á UPÐRÆTTI
Nýtt iðnaðarsvæði I-09 er afmarkað á sveitarfélagsuppdrætti. Veltenging frá þjóðvegi að nýju iðnaðarsvæði og upp á stíflustæði til skýringar.
Nýju efnistökusvæði E-48 bætt við.

BREYTINGAR Á GREINARGERÐ
4.7.4. Önnur iðnaðar- og athafnasvæði
Eftir breytingu bætist við nýr liður undir kaflanum > Dreifbýli I-09: Eyjardalsvirkjun. Svæðið er um 13,5 ha að stærð sem skilgreint er sem iðnaðarsvæði fyrir vatnsaflsvirkjun, allt að 700 kW að afli.
4.11.2. Efnistökusvæði
Eftir breytingu bætist við nýr liður undir kaflanum > Í Bárðardal E-48: Í landi Hlíðarenda, Eyjardalur, ónotuð. Verður líklegast notuð við lagningu Hólasandslínu 3 og við gerð Eyjardalsvirkjunar. Áætluð efnistöfka er allt að 5.000 m³. Stærð er allt að 0,5 ha.

UMHVERFISSKÝRSLA SKILGREININGU OG MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM
Umhverfisskýrsla þessi er unnin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Helstu áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar eru á gróður, landnotkun, fornminjar, fuglalíf, vatnalíf og veiði, landslag og ásvind, og jarðminjar. Umhverfisskýrslan byggir á fyrirbyggjandi gögnum. Við vinnslu umhverfisskýrslu var stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar, annars vegar um umhverfismat áætlana og hins vegar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Við matið verður notast við þá skilgreiningu á vægi áhrifa sem fram kemur í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa.

VALKOSTIR
Virkjanir eru þess eðlis að ekki koma margar staðsetningar til greina heldur er um einn ákjósanlegan kost undir virkjunarsvæði að ræða vegna aðstæðna. Þess vegna eru hér aðeins metnir tveir kostir; núll kostur, sem er í raun einnig grunnástand, og valinn kostur.

NIÐURSTAÐA UMHVERFISMATS
Núllkostur er ekki talinn hafa nein áhrif. Valinn kostur er í heildina talinn hafa óveruleg áhrif eða engin.

Áhrif á gróður eru staðbundin og að mestu leyti afturkræf. Setja skal skilmála um hvernig ganga skuli frá gróðursvæðum eftir framkvæmd.

Áhrif á landnotkun teljast vera óveruleg og afturkræf að mestu, nema á því landsvæði sem fer undir vatn. Með því að græða landið upp að framkvæmdum loknum, mun svæðið komast í samt horf og því ekkert sem hindrar það að land verði áfram nýtt til beitar eins og verið hefur.


Þrennar fornminjar eru innan áhrifsvæðisins; minjar um þjóðleið milli Bárðardals og Fnjóskadals og tvö garðlög. Allt rask fornminja er óheimilt nema með leyfi Minjastofnunar Íslands og hlíta skal þeim skilyrðum sem stofnunin kann að setja í því skyni.

Áhrif á fuglalíf eru talin óveruleg, einhver truflun gæti orðið á framkvæmdatíma. Mannvirki raska ekki búsvæðum og breytt vatnafar ætti ekki að hafa neikvæð áhrif á fuglalíf.


Áhrif á vatnalíf og veiði eru engin og áin ekki fiskgeng á virkjunarsvæðinu.

Áhrif á landslag verða mest við stíflu vegna mannvirkja og löns sem verður á Eyjardal. Mestar verða breytingar ásvindar við stíflu og lón, og við stöðvarhúsið. Í deiliskipulagi skal setja fram skilmála til að draga úr sjónrænum áhrifum, með því að gæta vel að staðsetningu og hönnun mannvirkja. Leitast skal við að ganga frá röskuðum svæðum jafnöldum og framkvæmdum lykjur og skal framkvæmdum almennt hagað þannig að svæðum verði ekki raskað umfram brýna þörf.


Þær jarðmyndanir sem raskast við framkvæmdirnar eru nútímahraun í dalbotni Bárðardals sem raskast óverulega vegna endurbóta og styrkingar slóða sem um það liggur. Aðrennisslípa virkjunarinnar mun liggja niðurgráfin um mæl austan árið innan ofan til en þegar meðar dregur verður hún meðfram vegslóða.



Fyrir breytingu, mkv. 1:100.000



Eftir breytingu, mkv. 1:100.000




Úr aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010 - 2022

Mynd 1. Yfirlit yfir umhverfisþætti og matsspurningar

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIDMIÐ
Gróður	Munu breytingarnar hafa áhrif á gróður? Munu breytingarnar hafa áhrif á plöntutegundir á vátlista? Munu breytingarnar hafa áhrif á bakkrágróður?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 1. gr. um markmið laganna, 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir, 56. gr. um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. og 62. gr. um vernd vistkerfa og bakkrágróðurs.
Landnotkun	Munu breytingarnar fela í sér áhrif á landnotkun svæðisins?	Skipulagslög nr. 123/2010, 1. gr. um markmið laganna. Landsskipulagsstefna 2015-2026, kaflar 2.1 um sjálfbæra byggð í dreifbýli, kafla 2.3 um sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands og kafla 2.5 um orkumannvirki og afhendingu raforku. Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022, markmið.
Fornminjar	Munu breytingarnar hafa áhrif á fríðlystar fornminjar?	Lög nr. 80/2012 um menningarminjar, 1. gr. um tilgang laganna, 16. gr. um skipulag, 23. gr. um fornleifar í hættu og IV. kafla um skráningu fornleifa.
Fuglalíf	Munu breytingarnar hafa áhrif á búsvæði fugla?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 1. gr. um markmið laganna, 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir, 56. gr. um friðun tegunda. Lög nr. 64/1994 um verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, 2. gr. um markmið laganna og 6. gr. um villt dýr og skipulag.
Vatnalíf og veiði	Munu breytingarnar hafa áhrif á ána sem veidissvæði? Munu breytingarnar hafa áhrif á fiskistofna?	Lög um lax og silungsvæði. Nr. 61/2005, 1. gr. um markmið laganna, 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 1. gr. um markmið laganna, 2. gr. um verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir, 56. gr. um friðun tegunda.
Landslag og ásvind	Mun breytingin hafa áhrif á ásvind svæðisins? Mun breytingin hafa sjónræn áhrif? Mun breytingin hafa umtalsverð áhrif á náttúrulegt landslag?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 1. gr. um markmið laganna, 3. gr. um verndarmarkmið fyrir landslag, 69. gr. um hönnun mannvirkja.
Jarðminjar	Mun breytingin hafa áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 1. gr. um markmið laganna, 3. gr. um verndarmarkmið fyrir jarðminjar og 61. gr. um sérstaka vernd jarðminja
Samfélag	Mun breytingin hafa áhrif á samfélag?	Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022 Landsskipulagsstefna 2015-2026 Sóknaráætlun fyrir Norðurland eystra 2015-2019

Mynd 2. Samantekt umhverfisáhrifa

VALKOSTIR	UMHVERFISÞÁTTUR							Samfélag
	GRÓÐUR	LANDNOTKUN	FORNMINJAR	FUGLALÍF	VATNALÍF OG VEIÐI	LANDSLAG OG ÁSVIND	JARÐMINJAR/JARDFRÆÐI	
Núll kostur - gildandi skipulag	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif
Breytt skipulag	Áhrif eru staðbundin og að mestu afturkræf nema á því landsvæði sem fer undir vatn. Engin áhrif á plöntutegundir á vátlista.	Áhrifin teljast vera óveruleg og afturkræf að mestu, nema á því landsvæði sem fer undir vatn.	Áhrif á fornminjar verða óverulegar en fornminjar með lágt varðveislugildi eru innan skipulagsvæðisins.	Áhrif á fuglalíf svæðisins eru talin óveruleg.	Engin áhrif.	Óveruleg áhrif að teknu tilliti til mótvægisáðgerða.	Óveruleg eða Engin áhrif.	Áhrif á samfélag eru jákvæð þar sem framkvæmdin er atvinnuskapandi og skilar tekjum til sveitarfélagsins.



HELSTU SKÝRINGAR

- Lögbyli
- Eyðibýli
- Landnotkun og þróun byggðar
- Svæði sem breytingin nær til
- Iðnaðarsvæði
- Landbúnaðarsvæði
- Óbyggð svæði
- Opin svæði til sérstakra nota
- Efnistökusvæði
- Svæði fyrir frístundabyggð

Samgöngur og veitukerfi

- Háspennulinur
- Helstu göngu- og reiðleiðir
- Héraðs- og landsvegir og aðrir vegir eða slóðar - Aðeins til skýringar
- Stofnvegir
- Þjóðminjavernarsvæði
- Fríðlystar fornminjar

SAMPYKKT OG STAÐFESTING

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. grein skipulagslaga nr. 123/2010, var auglýst frá og með 22. mars til og með 3. maí 2019.
og var samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann 4. júní 2019.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 20.01.20

Auglýsing um gildistöku birtist í B-dæld Stjórnartíðinda þann _____ nr. _____

Þingeyjarsveit

Breyting á aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022
Eyjardalsvirkjun

Skjalnúmer	A2
Málakennital	1:100.000
Dagur	13.12.2018
Skjalnúmer	001
Útvefing	Eyjardalsvirkjun ehf.
Útvefing	AB

EFLA VERKFRÆÐISTOFA